



ÍPRÓTTAMAÐUR ÁRSINS 2010

**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
í hófi Samtaka íþróttafréttamanna og ÍSÍ
5. janúar 2011**

*Ávarpið var flutt blaðlaust.
Endurrit af upptöku.*

Ráðherrar
Forystusveit íþróttahreyfingarinnar
Frábæra íþróttafólk
Góðir landsmenn

Við erum hér saman komin til að fagna nýjum kafla í langri sögu, sögu sem, eins og við sáum rétt áðan, á sér rætur í samfélagi sem er okkur framandi; þar sem helstu íþróttamót landsins fóru fram í bragga; Melavöllurinn það eina sem þjóðin átti til að halda sín stórmót utandyra.

Þrátt fyrir þessa erfiðu aðstöðu eignuðumst við frábært íþróttafólk á heimsmælikvarða. Vilhjálmur er og verður, eins og við sáum áðan, vitnisburður um það hvað hægt er að gera ef hæfileikarnir, einbeitnin og viljinn eru til staðar.

Saga íþróttamanna ársins er í raun og veru merkur kafla í þjóðarsögunni. Hún sýnir okkur í hnotskurn hvernig þessari þjóð hefur miðað fram um veg þrátt fyrir erfiðleika og að oft væri á brattann að sækja. Við getum hér í kvöld þakkað fyrir þessa sögu, heiðrað þær kempur sem margar eru með okkur og hafa áður hlotið þennan titil.

Mér finnst stundin nú vera sérstaklega ánægjuleg vegna þess að árið 2010 sýndi okkur að öflug ný kynslóð er komin á vettvang íslenskra íþróttar. Starf þúsundanna, sjálfboðaliðanna, íþróttafélaganna allt í kringum landið er að skila okkur á liðnu ári öflugri sveit sem þrátt fyrir ungan aldur hefur náð frábærum árangri.

Við þurfum ekki annað en að hugsa til unglingslandsliðsins í knattspyrnu sem náði besta árangri sem íslenskt knattspyrnulið hefur nokkru sinni náð. Við getum líka hugsað hlýtt til fimleikastúlknanna úr Gerplu sem skiluðu Evrópumeistaratitli, náðu frábærum árangri.

Það er öflugur vitnisburður um spennandi og bjarta framtíð að næstum helmingur af þeim sem tilnefndir eru hér í kvöld í lokakeppnina um íþróttamann ársins er um eða innan við tvítugt. Þó ég hafi ekki skoðað söguna grannt þá er það eitt vitnisburður um hve öflugra unga sveit við Íslendingar eigum á þessum vettvangi.

Þess vegna erum við saman komin hér í kvöld og þjóðin við sjónvarpstækin til að fagna hinni nýju og öflugra ungu kynslóð íslensks íþróttafólks sem þegar er farin að gera garðinn frægan.

Ég óska íþróttahreyfingunni til hamingju með þennan árangur. Ég óska þessu unga fólki til hamingju með þá framtíð sem þá á í vændum. En umfram allt óska ég íslenskri þjóð til hamingju með að þrátt fyrir ár erfiðleika sem við þekkjum öll þá erum við hér í kvöld að fagna öflugri, fjölþættri og glæsilegri sveit af ungu íþróttafólki. Það eru vegamót og veganesti inn í framtíðina sem hlýtur að fylla okkur bjartsýni og gleði.

Ég vil líka nota þetta tækifæri til að þakka íþróttafréttamönnum fyrir að standa vaktina alla daga ársins svo að við getum verið þátttakendur í keppni og leik. Þeir eru jafnvel svo önnum kafnir að stór hluti þeirra getur ekki verið með okkur hér í kvöld; þeir eru eins og sjómennirnir í gegnum tíðina á vaktinni í kvöld. Án íþróttafréttamannanna myndum við ekki sem þjóð getað sameinast á sigurstundum. Við eigum þeim þess vegna mikið að þakka; ekki bara fyrir þessa stund hér í kvöld heldur fyrir að gera okkur kleift að fyllast stolti, ánægju og gleði yfir glæsilegum árangri.

Til hamingju með árið 2010. Það var sigurár en umfram allt var það ár vonar, nýrrar kynslóðar og bjartari framtíðar.